



# Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

## VIÐAUKI

við samning um land undir frístundabyggð

Viðauki þessi er órjúfanlegur hluti samnings um land undir frístundabyggð milli Vesturbyggðar, kt. 510694-2369 og Strýtuholts ehf., kt. 591020-1370 sem undirritaður var 4. nóvember 2020

Með viðauka þessum eru samningsaðilar sammála um að breyta 3. mgr. 5. gr. gr. samningsins þannig að ákvæðið verði svohljóðandi:

*Takist félaginu ekki að markaðssetja frístundabyggðina þannig að framkvæmdir hefjist í síðasta lagi 1. október 2025, ber félaginu að skila svæðinu í viðundandi ástandi til Vesturbyggðar. Vesturbyggð ber engan kostnað af þeim framkvæmdum sem þá hafa verið unnar og eru þær að fullu á ábyrgð félagsins.*

Breytingin felur í sér að lengja þann frest sem félaginu var veittur til að hefja framkvæmdir, en fresturinn er veittur vegna áhrifa af Covid-19, frestun á afhendingu efnis, hækkun hráefnis og vöntun á ýmsum vörum fyrir byggingariðnaðinn.

Viðauki þessi var staðfestur af bæjarstjórn Vesturbyggðar á 367. fundi þann 19. janúar 2022 og öðlast gildi við undirritun. Til staðfestu viðauka þessum undirrita samningsaðilar nöfn sín í viðurvist tveggja votta.

*Patreksfirði, 2. júní 2022*

Fyrir hönd Strýtuholts ehf.

Fyrir hönd Vesturbyggðar

\_\_\_\_\_  
Valdimar Gunnarsson,  
framkvæmdastjóri.

\_\_\_\_\_  
Rebekka Hilmarsdóttir,  
bæjarstjóri.

Vottar:

\_\_\_\_\_  
*Nafn og kennitala*

\_\_\_\_\_  
*Nafn og kennitala*